

20

18. marz

Starfsmenn bankans eru skyldir til að vinna fram yfir venjulegan starfstíma bankans, þegar þess er þörf.

49. gr.

Bankaráðsmenn, bankastjóri og allir aðrir starfsmenn bankans eru bundnir þagnarskyldu um öll þau atriði, er þeir fá vitneskju um í starfi sínu.

50. gr.

Þeir, sem vilja fá lán úr bankanum, skulu að jafnaði beiðast þess skriflega. Skriflegs svars við slíkri beiðni verður ekki krafist, og getur enginn, sem synjað er um lán, heimtað, að honum sé gerð grein fyrir, hverjar ástæður séu til synjunarinnar.

51. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 46/1960, um Verzlunarbanka Íslands h.f. og stofnfundur í bankanum hefur hinn 4. febrúar 1961 samþykkt, öðlast þegar gildi.

Framanrituð reglugerð staðfestist hér með sem reglugerð fyrir Verzlunarbanka Íslands hf.

Viðskiptamálaráðuneytið, 18. marz 1961.

Gylfi Þ. Gíslason.

Jónas H. Haralz.

21

15. marz

L Ö G

um héraðsfangelsi.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Nú telur sveitarstjórn nauðsyn á, að fangelsi til geymslu handtekinna manna og gæzlufanga sé reist í héraðinu, og skal hún þá senda til dómsmálaráðherra beiðni um framlag úr ríkissjóði í þessu skyni.

Beiðninni skal fylgja skýrsla um nauðsynina. Ef ráðuneytið telur málaleitunina á rökum reista, skal það láta semja áætlun um kostnað og gera uppdrátt af húsínu.

2. gr.

Sveitarfélag leggur til á sinn kostnað lóð undir héraðsfangelsi, en annar stofnkostnaður greiðist að hálfu úr sveitarsjóði, en að hálfu úr ríkissjóði. Ef tvö eða fleiri sveitarfélög standa að sama héraðsfangelsi, skulu þau, ef ekki verður samkomulag um annað, greiða sinn hluta stofnkostnaðar í réttu hlutfalli við samanlagðan tekju- og eignarskatt íbúanna eftir meðaltali 5 síðustu ára.

3. gr.

Beiðni sveitarfélags samkvæmt 1. gr. skal dómsmálaráðherra senda Alþingi, og ákveður það við afgreiðslu fjárlaga, hvort við henni skuli orðið.

Nú samþykkir Alþingi slíka fjárveitingu, og ákveður það þá einnig, hvernig framlögum skuli háttað framvegis. En skylt er ríkissjóði þó að hafa lokið greiðslu

framlaga til hverrar framkvæmdar miðað við upphaflega kostnaðaráætlun innan 21 þriggja ára, frá því er fyrsta framlag var innt af hendi.

15. marz

4. gr.

Dómsmálaráðherra hefur þá íhlutun um byggingu héraðsfangelsa, sem nauðsynleg er til að tryggja vandaðan frágang, hæfilega stærð þeirra og hóflegan kostnað.

5. gr.

Þarfnist héraðsfangelsi verulegra endurbóta eða viðauka, skal að öllu svo með fara sem segir í 1.—4. gr.

6. gr.

Nú telur dómsmálaráðherra þörf á stofnun héraðsfangelsis eða viðbót við eða endurbót á héraðsfangelsi, sem fyrir er, en sveitarstjórn hefur eigi hafizt handa um aðgerðir, eða hann telur áform hennar í þessum efnum ófullnægjandi, og skal hann þá leggja fyrir Alþingi tillögur sínar um lausn málsins. Veiti Alþingi fé til framkvæmdanna, skal sveitarsjóði skylt að greiða sinn hluta kostnaðarins innan þriggja ára með jöfnum ársgreiðslum, ef eigi semst um annað.

7. gr.

Dómsmálaráðherra ákveður, að fenginni umsögn viðkomandi héraðslæknis, í hvaða héraðsfangelsum skuli heimil fullnusta varðhaldsrefsinga og í hve langan tíma.

8. gr.

Rekstrarkostnaður héraðsfangelsa greiðist að hálfu úr ríkissjóði, en að hálfu úr hlutaðeigandi sveitarsjóði.

9. gr.

Dómsmálaráðherra setur reglugerð um rekstur héraðsfangelsa, eftir því sem þurfa þykir.

10. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Jafnframt falla úr gildi lög nr. 29 1. febrúar 1936, um fangelsi.

Gjört að Bessastöðum, 15. marz 1961.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Bjarni Benediktsson.